



**Kveðja
frá
forseta Íslands
Ólafi Ragnari Grímssyni**

Við sátum í stofunni á Bessastöðum og ræddum glímuna, þrautirnar sem veikindin skapa en líka árangur sem oft er afrakstur erfiðleika, fórnirnar sem fjölskyldur færa, ábyrgð og skyldur samfélagsins, rannsóknir, meðferð, vonina sem framrás vísindanna færir okkur.

Um margt hefur verið rætt í þessum gömlu húsakynnum og flest fyrnist það hratt, en þessi stund mun lifa í minningunni og fylgja mér um langan veg. Hún var vitnisburður um hetjudáðir, bæði sjúklinga og aðstandenda, og hin erlendi baráttumaður bjó yfir fítönsanda þótt þrekið væri ekki mikið, veikindin þungbær þraut.

Hugsjónir um réttindi þeirra sem örlögin færa þessa glímu voru leiðarljós hinna góðu gesta og þeir reiddu fram gildan sjóð tillagna um brýnar úrbætur og aðgerðir í þágu hinna sjúku og fjölskyldna þeirra.

Hetjudáðir birtast okkur í mörgum myndum og baráttan við MND er einmitt þeirrar ættar, jafnvel á hverri stundu hins bjarta dags; þrekraun að tjá sig og komast til daglegra anna, gleðjast með fjölskyldu og vinum, hjálpa börnum að leik eða við lærdóminn heima.

Hinn sjúki veit – og fjölskyldan líka – að lífinu er mörkuð stund; augnablikin eru dýrar perlar í festi minninganna; skilningurinn á dásemdum lífsins djúpstæðari en hjá okkur flestum.

Ljóðin og myndirnar sem bókin birtir eru óður til þessarar hugrökku sveitar, vitnisburður um samstöðu, stuðning og vinarhug.

(undirskrift)